

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 350 21. september 1992 um jöfnunartoll
á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Við upptalningu í 1. gr. bætist:

Tollskrárn.

Jöfnunartollur

kr/kg

1905.9050

70

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi
1. desember 1992.

Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

18. nóvember 1992

Nr. 414

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og
prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta
gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuholts-
prestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er
frestað færslu Stórólshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall.
2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi sbr. VII. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu
Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall. Ennfremur
er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1994.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. nóvember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Þór Guðmundsson.